

REGLUGERÐ**fyrir rafveitu Patrekshrepps.****1. gr.**

Rafveita Patrekshrepps er fyrirtæki, sem stofnað er til á kostnað hreppsins, í þeim tilgangi að veita íbúum Patrekshrepps raforku til ljósa og annara þarfa, eftir því, sem tók eru á.

2. gr.

Yfirstjórn rafveitunnar er í höndum hreppsnefndarinnar, en framkvæmdastjórn skal falin einum manni, sem hreppsnefnd ræður til þess starfa. Einnig ræður hreppsnefnd stöðvarstjóra og setur honum erindisbréf.

3. gr.

Framkvæmdastjóri skal hafa eftirlit með daglegum rekstri rafveitunnar. Einnig annast hann alla innheimtu og reikningsskil. Skal hann halda glögga bók yfir tekjur og gjöld rafveitunnar, svo og eignir og skuldir, semja ársreikning fyrir 20. janúar ár hvert og senda hann hreppsnefndinni, sem láti endurskoða hann af tveim mönnum, er hún kýs til þess.

Framkvæmdastjóri skal einnig annast um kaup á efni til rafveitunnar að fengnum tillögum stöðvarstjóra, og sjá um að ekki vanti nauðsynlega hluti. Einnig geri hann tillögur um framkvæmdir og breytingar, er snerta rafveituna og leggi þær fyrir hreppsnefnd.

4. gr.

Stöðvarstjóri annast gæzlu orkuvéla og annað það, sem hreppsnefnd ákveður í erindisbréfi hans.

5. gr.

Daglegur starfstími stöðvarinnar er allan sólarhringinn á tímabilinu frá 1. september til 1. apríl. Yfir mánuðina apríl og ágúst skal starfstíminn vera frá kl. 6 að morgni til kl. 1 að nóttu, en yfir mánuðina maí, júní og júlí frá kl. 6 að morgni til kl. 12 á miðnætti. Á öðrum tíma má ekki stöðva vélarnar eða taka strauminn af, nema brýn nauðsyn beri til, og þá sem stytzt að unnt er.

6. gr.

Heimtaugar að íbúðarhúsum leggur rafveitan á sinn kostnað, allt að 35 metra frá aðalálmu að húsvegg. Sé lögnin lengri kostar húseigandi það, sem fram yfir er.

Raftaugar að útihúsum, bryggjum og öðrum stöðum í þágu einstakra manna kosta hlutaðeigendur sjálfir frá aðalálmu rafveitunnar.

7. gr.

86

2. ágúst

Rafmagn skal að mestu selt um mæli. Þó getur hreppsnefnd að fengnum til-lögum framkvæmdarstjóra, selt rafmagn eftir öðrum ákvæðum, t. d. í útihús eða þar sem sérstaklega stendur á.

Rafveitan leggur til mæla gegn ákveðinni leigu.

8. gr.

Enginn má aðhafast neitt það, er valdið geti skemmdum eða truflunum á raftaugum eða öðrum tækjum, sem notuð eru í sambandi við rafveituna. Enginn má heldur taka orku úr leiðslum rafveitunnar nema hafa fengið leyfi framkvæmdarstjóra.

9. gr.

Hver sem óskar eftir að fá raforku, skal senda um það skriflega beiðni til framkvæmdarstjóra rafveitunnar, með nákvæmum upplýsingum um lögnina, eða hve mikla orku hann býst við að nota.

Framkvæmdarstjóri veitir þá leyfið svo fljótt sem unnt er, eða neitar því.

Verði ágreiningur milli notanda eða umsækjanda og framkvæmdarstjóra, sker hreppsnefnd úr um deiluatridin.

10. gr.

Nú hafa raftaugar eða áhöld verið sett í hús, eða breyting gerð á eldri lög-um, og má þá ekki taka lögnina eða áhöldin til notkunar fyrr en stöðvarstjóri hefir athugað hana og vottað að hún væri fullnægjandi.

11. gr.

Hverjum rafmagnsnotanda ber skylda til að sjá um það eftir mætti, að rafmagnstæki hans og leiðslur séu ætíð í góðu lagi. Komi ólag á þau, skal hann tafarlaust láta taka þau úr sambandi við rafveituna og ekki tengja þau við aftur fyrr en lagfærð hafa verið.

12. gr.

Framkvæmdastjóra er heimilt að banna að nota í sambandi við rafveituna áhöld, sem að áliti hans eða stöðvarstjóra eru ótrygg eða til tálmunar góðum rekstri stöðvarinnar.

13. gr.

Framkvæmdarstjóri og stöðvarstjóri rafveitunnar skulu ætíð hafa frjálstan aðgang að rafleiðslum eða áhöldum, sem notuð eru í sambandi við afltaugar raf-stöðvarinnar, til þess að rannsaka hvert allt sé í góðu lagi.

14. gr.

Nú vanrækir rafmagnsnotandi skyldur þær, sem hann hefir samkvæmt reglugerð þessari, eða virðir að vettugi bann eða fyrirskipanir framkvæmda-

86 stjóra, skal þá framkvæmdarstjóra heimilt að slíta sambandi við hann til bráða-
2. ágúst birgða, og að fullu með samþykki hreppsnefndarinnar.

Notandi ber fulla ábyrgð á öllum afleiðingum, sem af vanrækslunni kunna að stafa.

15. gr.

Hreppsnefnd semur gjaldskrá fyrir notkun rafmagnsins og leitar samþykkis stjórnarráðsins á henni.

16. gr.

Sé gjald fyrir rafmagn ekki greitt á réttum gjalddaga, er framkvæmdastjóra heimilt að láta slíta rafmagnssambandi við hlutaðeigandi notanda, en þó ekki fyrir en viku eftir að skrifleg tilkynning þess efnis er afhent honum eða á heimili hans.

Gjöld fyrir rafmagn og leigu á mælum má taka lögtaki.

17. gr.

Reikningsár rafveitunnar er almanaksárið.

18. gr.

Brot gegn reglugerð þessari, eða gegn reglugerðum eða reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 1000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum, og skal farið með mál útaf þeim sem almenn lög-reglumál. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar, skal hinn brotlegi auk þess bæta skaðann.

19. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi reglugerð um notkun og meðferð rafmagns á Patreksfirði frá 10. september 1926.

Reglugerð þessi er hérmeð sett samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast gildi 15. ágúst þ. á., og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. ágúst 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.